



20. ÖLDIN Í HRÍSEY

Tími hákarlaveiða er sér kafli í sögu Hríseyjar og verður hans ekki getið hér að neinu marki. Hafin er uppbygging á safni tengdu nafni þess manns sem bar höfuð og herðar yfir aðra er þeim veiðum tengdust. Í því safni verður í máli og myndum sagt frá sjómönnum og þeim veiðarfærum sem notuð voru við hinar erfiðu hákarlaveiðar sem stundaðar voru á litlum seglskipum langt úti fyrir Norðurlandi fyrr á tíð.

Síðan gengur vélaöldin í garð. Fyrsti mótorbáturinn sem Eyfirðingar eignast kemur til heimahafnar í Hrísey í marsbyrjun árið 1905 og brátt koma fleiri bátar. Bryggjur eru byggðar, allt frá Stekkjarnefi og út í Ystabæ og urðu þær allt að tuttugu talsins. Bryggjurnar voru háar og mjóar og þurftu mikið viðhald. Margar voru teknar upp á haustin áður en brim og stórsjóar vetrarins tóku völdin. Síðan var þeim hróflað aftur upp á vorin. Þetta var mikil vinna, enda voru bryggjur þessar flestar horfnar um 1950, nema ein sú voldugasta. Hún var kölluð KEA bryggjan og var hún þar sem höfnin í Hrísey er nú.

Á árunum 1930-1950 var eflaust mesti uppgangstíminn í Hrísey. Síldarsöltun var mikil, fiskveiðar voru stundaðar af miklu kappi og íbúatalan margfaldaðist yfir

sumartímann. Línu- og síldarstúlkur streymdu til eyjarinnar af öllum landshornum. Enn er þískrað um lífið í Hrísey á þessum tíma á setustofum dvalarheimila aldraðra víðs vegar um landið. Þar er talað hin undurföggu og lognværu kvöld þegar miðnætursólin lék um tinda fjallanna og þar er sagt frá því þegar gengið var hönd í hönd upp á eyjuna þegar húm síðsumarkvöldu færðist yfir haf og hauður og lyngið var svo mjúkt og angaði svo dásamlega. Þar er talað um ástina sem menn fundu á þessari ævintýraeyju og áttu síðan í huga sínum og hjarta upp frá því.

Eftir 1960 fer að halla undan fæti hvað síldarsöltun í Hrísey varðar, líkt og annars staðar á Norðurlandi. Síldin hverfur af miðunum og síldarplönin standa auð og tóm; íbúum fer að fækka í eyrni.

Enn býr samt fólk í Hrísey sem er fullt bjartsýni á framtíð staðarins. Það efast ekki eitt augnablik um að hér eigi eftir að vera blómlegt líf í framtíðinni á þessari eyju sem er laus við skarkala heimsins og allir lifa í friði og sátt við guð og menn.



THE 20. CENTURY IN HRÍSEY

The period of shark fisheries, which marks a special chapter in Hrísey's history, will not be dealt with here to any significant extent. The construction has begun of a museum related to the one individual who stood taller than all others involved in those fisheries. The museum will contain, in words and pictures, stories of the sailors and the gear they used during the hazardous shark fisheries that were carried out from small sailing vessels deep off the north Iceland coastline in earlier times.

This was followed by the age of machinery. The first motor vessel owned by people in Eyjafjörður arrived at its home port in Hrísey in the beginning of March in 1905 and soon more of them came along. Piers were built in various places along the fiord, about twenty of them in all. The piers were tall and narrow and they were heavy on maintenance. Many of them were dismantled in the autumn to save them from being put to the test of the mighty surf and high seas of winter. In spring they would be hastily reassembled. This was heavy work and by 1950 most piers of this type had disappeared, apart from the largest one which was known as the KEA pier located where Hrísey harbour is now.

The decades 1930-1950 were without doubt the times of greatest growth in Hrísey. The herring salting was thriving,

there were vigorous fishing operations and the population multiplied in the summer. Girls flocked to the island from all parts of the country to bait the fishing lines and salt the herring. Life in Hrísey in those bygone times still gives rise to nostalgic conversations in the sitting rooms of old people's homes all over Iceland. There is talk of the wondrous beauty of the summer evenings when the midnight sun touched the mountain tops and there are tales of walking hand in hand along the island moors when the twilight of late summer evenings softened the aspect of land and sea and the heather was so soft and wonderfully fragrant. There is talk of love discovered on this island of adventure and cherished in minds and hearts ever since.

After 1960 the herring salting begins to decline in Hrísey as everywhere else in North Iceland. The herring abandoned the fishing grounds and the salting stations were left empty and deserted; the population of the island began to dwindle.

But there are still people in Hrísey who are filled with optimism with regard to the local future. They do not doubt for one moment that a prosperous future lies in store for this island that is so far from the madding crowd and where all men live in peace and harmony with god and their fellow human beings

